

17. júní 2022

Fánahyllir: Eygló Alexandersdóttir

Eygló Alexandersdóttir er fædd í Reykjavík 30. janúar 1948, dóttir Alexanders Magnússonar og Ólafíu Haraldsdóttur, elst 5 systkina. Eygló er gift Ragnari Haukssyni skipa- og húsasmíðameistara og eiga þau 3 syni, 3 tengdadætur, 9 barnabörn og 4 barnabarnabörn og það 5. á leiðinni.

Eygló ólst upp í Keflavík, gekk í barnaskóla Keflavíkur og lauk Gagnfræðaprófi frá Gagnfræðaskóla Keflavíkur vorið 1965. Sex ára gömul réði hún sig í fyrst í vist að passa börn og var iðin við það fram að unglingsárum en þá tók við fiskvinna í Atlantor í nokkur sumur. Að loknu Gagnfræðaprófi 1965 hóf hún störf á Bæjarskrifstofu Keflavíkur og vann þar í 2 ár. Síðan tók við uppeldi þriggja sona og húsmóðurstörf.

Árið 1980 fór Eygló aftur út á vinnumarkaðinn og vann í fiskvinnu hjá R.A. Péturssyni í Njarðvík og 1982 hóf hún störf hjá Sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli og starfaði þar í 18 ár. Frá árinu 1995 ráku þau hjónin Innrömmun Suðurnesja í nokkur ár.

Eygló hefur alla tíð verið mikil áhugamanneskja um dans og stundaði dans frá unga aldri. Einnig stunduðu þau hjónin dans saman í mörg ár með góðum árangri og státa af mörgum Íslandsmeistaratitlum ásamt því að hafa tekið þátt í keppni erlendis.

Árið 1998 útskrifaðist Eygló sem jógakennari frá Jóga Stúdíó í Kópavogi og ári seinna frá Kripalu Center í Bandaríkjunum og við þetta urðu mikil umskipti í hennar lífi og var Eygló einn af frumkvöðlum í jógakennslu hér í bæ og kenndi jóga samfleytt í 10 ár.

Svo var það í byrjun árs 2000 að Jóhanna Arngrímsdóttir, þáverandi forstöðumaður öldrunarþjónustu Reykjanesbæjar, hefur samband við Eygló og spyr hvort hún vilji kenna leikfimi hjá eldri borgurum. Eygló var ekki lengi að svara því játandi þar sem hana hafði lengi langað að starfa með eldra fólki og varð þetta að margra ára góðu samstarfi.

Eygló kenndi svo leikfimi og dans í hlutastarfi samhliða jógakennslunni fyrst í Selinu og svo frá opnun Nesvalla 2008 í fullu starfi, fyrst sem þjónustufulltrúi og síðar deildarstjóri í heimaþjónustunni, en sá líka alltaf bæði um leikfimina og dansinn.

Samhliða dansinum með eldri borgurum hófst samstarf við Leikskólann Gimli sem nefnt var “Gaman saman” og þá komu börnin í elstu deild leikskólans nokkrum sinnum á vetri og dönsuðu með eldri borgurum undir stjórn Eyglóar og myndaðist þar alveg sérstakt samband á milli barnanna og eldra fólksins.

Eygló fór í margar ferðir með eldri borgurum og m.a. á ótalin landsmót UMFÍ 50 + víðs vegar um landið. Þá var oftast tekin rúta og haldið af stað með stóran hóp merktan Reykjanesbæ. Þar voru keppendur í Boccia, pútti og “hópurinn hennar” sem bæði sýndi og keppti í dansi. Eygló sjálf tók nokkrum sinnum þátt í pönnukökubakstri og svo í lok hvers móts gátu þeir sem vildu skráð sig í stígvélakast og áttum við oft glæsilega fulltrúa þar.

Eygló hefur orðið vör við það að þessar ferðir geymast vel í minningabankanum hjá fólkinu hennar og er því minnstæðast þegar Eygló var valin af mótshöldurum ásamt nokkrum öðrum til að taka þátt í keppni í Hrutadómum og þótti mikil skemmtun þegar hún var komin inn í girðingu með hrútnum til að kanna vöðvastærð og fleira.... Hún þótti ekki sérlega efnileg og bar ekki sigur úr býtum í þeirri keppni.

Eftir starfslok 2018 hefur Eygló haldið áfram að kenna dans á Nesvöllum og einnig leyst af í forföllum í leikfimi, sungið með Eldey kór eldri borgara og svo síðast en ekki síst fengið að upplifa og njóta þess að passa langömmubörnin.

Það er ekki hægt að ljúka þessari umfjöllun um Eygló án þess að minnst á þann sess sem fánahyllingin skipar í huga hennar. Það hafði mikil og sterk áhrif á hana þegar hún 10 ára gömul stóð hér í Skrúðgarðinum á 17. júní 1958 og fylgdist með þegar móðir sem nýverið hafði bjargað syni sínum frá drukknun fékk þann heiður að draga upp stóra fánann. Þá, ung stúlka, hugsaði hún með sér hvort einhvern tímann á lífsleiðinni hún myndi hljóta þennan heiður. Hún hefur ekki látið sig vanta við þennan viðburð síðan og finnst hann einstakur.

Reykjanesbær þakkar Eygló gott samstarf í áraraðir og óeigingjarnt framlag hennar við að gera bæinn að betra samfélagi.